

**66. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
24. júlí 2017 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 1609104 - Deilisk. Æðarodda - Æðaroddi 36 breyting

Breyting deiliskipulagssins var auglýst frá 1. júní til og með 14. júlí 2017. Umsögn barst frá Hestamannafélaginu Dreyra.

Breytingin felst í að nýtingarhlutfall Æðarodda 36 breytist úr 0,70 í 0,76. Afmörkuð er ný lóð við Æðarodda 38 fyrir hestagerði og bílastæði. Snúningsplan við enda götu er stækkað og breyting á reiðgötu meðfram lóðum húsa við Æðarodda 41, 43, 45 og 47.

Hestamannafélagið Dreyri bendir á nauðsynlegar framkvæmdir sem fara þarf í á svæðinu í kjölfar deiliskipulagsbreytingar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Deiliskipulagið verði sent Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

2. 1405059 - Deilisk. Dalbraut - Þjóðbraut

Breyting á deiliskipulagi við Dalbraut frá 1988 til samræmis við núverandi skipulagsbreytingu á svæðinu.

Breytingin felst í því að skipulagssvæði Dalbrautar - Þjóðbrautar sem upphaflega var samþykkt 22. mars 1988 er minnkað sem nemur lóðinni Dalbraut 8.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykka að auglýsa breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 1705090 - Deilisk. Golfvöllur - félags- og frístundaaðstaða við Garðavöll

Grenndarkynning fór fram frá og með 2. júní til og með 2. júlí 2017. Engar athugasemdir bárust.

Breyting felst í því að nýtingarhlutfall lóðarinnar við Garðalund 1 breytist úr 0.3 í 0.42 vegna fyrirhugaðar byggingar frístundahúss.

Sú breyting varð hinsvegar á grenndarkynningartímabili að aukning varð í fermetrafjölda hússins. Um er að ræða að þakrými sem fyrir var á teikningum verði nýtt undir tæknirými um 17,3 fermetrar. Ennfremur er smávægileg aukning á fermetrum vegna stækunar húss þ.e. 8 fermetrar.

EB

Við þessar viðbótarbreytingar fer nýtingarhlutfall lóðarinnar upp í 0,46.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingu deiliskipulagsins með áorðnum breytingum á grenndarkynningartímabili skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 m.s.br.

Breytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

1612033 - Jörundarholt 174 - fyrirspurn til byggingarfulltrúa

Grenndarkynning fór fram 24. feb. til 24. mars 2017, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 m.s.br.

5. **1202063 - Sunnubraut 24, endurnýjun lóðarleigusamnings.**
Lóðarleigusamningur útrunninn.
Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun samnings.
6. **1705169 - Presthúsabraut 23 - lóðarleigusamningur endurnýjun**
Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings.
Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun samnings.
7. **1707059 - Vogabraut 46 - lóðarleigusamningur endurnýjun**
Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings.
Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun samnings.
8. **1707006 - Umsókn til Norrænu ráðherranefndarinnar - Norræn verkefni um sjálfbæra þróun þéttbýla**
Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagða tillögu umhverfisstjóra að fulltrúar Akraneskaupstaðar á upphafsfundi verkefnisins "Græn samfélög og samkeppnisfærni á norrænum borgarsvæðum" verði Sindri Birgisson og Helena Guttormsdóttir. Fundurinn verður haldinn í Oslo 14. og 15. september nk.
9. **1707005 - Krókalón - urðun**
Bréf Umhverfisstofnunar dags. 14. júlí 2017.
Lagt fram til kynningar.
10. **1707050 - Eldhústæki úr Sementsverksmiðju - kaup**
Erindi Þórðar M. Gylfasonar um kaup búnaði úr eldhúsi Sementsverksmiðjunnar.
Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið.
Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs falið að fá áætlun um verðmæti búnaðar. EB

11. 1601378 - Jaðarsbakkar / Guðlaug - útboð

Tilboð í framkvæmdir við Guðlaugu kynnt.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að ganga til samninga við
Ístak um verkið.

Verkefnið mun taka til tveggja ára. Tryggt verði að styrkur frá ferðamálaráði taki
tillit til þess.

Sambykkt: (EB, RÓ)

Á móti: (VLJ)

Áheyrnarfulltrúar (JKG, KS) fagna framgangi verkefnisins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.

Eina Þorðar
Rakel Ólafsdóttir
Mármag Karl Guðrúnsson
Ólafur Ólafsson
Kristín Þórungeirsdóttir
Sígurður Þórhallarson
Halldís Sigríðarsdóttir